

BORGARRÁÐ 20. ágúst 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um nýjar tímabundnar innheimtuleglur Reykjavíkurborgar - R20040015

Í svarbréfi fjármála- og áhættustýringasviðs vegna fjöldi þeirra sem ekki njóta þjónustu frá Reykjavíkurborg eða fyrirtækja í eigu hennar vegna vanskila kemur fram að þann 22. júní sl. voru 39 í uppsagnarferli, samkvæmt skóla- og frístundasviði, og höfðu frest til 1. ágúst sl. til að ganga frá greiðslu eða semja um vanskil. Í svarbréfinu er einnig tekið fram að að samkvæmt hinum nýju tímabundnu innheimtuleglum Reykjavíkurborgar er hægt að sækja um allt að þriggja mánaða gjaldfrest á hvaða þjónustugjöldum sem er hjá Reykjavíkurborg. Hefði verið hægt að setja þann gjaldfrest á skuldir aðila hjá skóla- og frístundasviði? Var það gert, eða hefði það þurft að eiga sér stað áður en skuldin var komin í innheimtuferli? Hefði ekki verið hægt að bæta þessum gjaldfresti aftan við skuldina svo að hún færi ekki í vanskil eða var slíkt kannski gert í einhverjum tilfellum?